Reikningur.

Prestsekknasjóðsins fyrir árið 1903.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1902 (Stjórnartíðindi 1903 B, bls. 318)			kr. 23783,78
2.	Tillög og gjafir á árinu			— 210,22
3.	Arður af sálmabókarútgáfu: af 6. prentun 1899, 4. greiðsla af 5			— 48,00
4.	Vextir tilfallnir á árinu:			
	a. Af bankavaxtabrjefum, kr. 2240, til 31. Desbr. 1903	kr.	100,80	
	b. Af innstæðu í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, til 31. desbr. 1902	—	528,00	
	c. Af innstæðu í sparisjóði, til 31. desbr. 1903	—	2,76	
	d. Af skuldabrjefum einstakra manna, kr. 7788, til 11. júní 1903.	—	311,52	— 943,08
				kr. 24985,08

Gjöld:

1.	Úthlutað prestaekkjum á Synodus 1903			kr. 700,00
2.	Eptirstöðvar við árslok 1903:			
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	2740,00	
	b. Í aðaldeild Söfnunarsjóðsins	—	13225,00	
	c. Í sparisjóði	—	79,65	
	d. Veðskuldabrjef einstakra manna	—	7788,00	
	e. Ógreiddir vextir	—	48,00	
	f. Í peningum hjá undirrituðum	—	404,43	— 24285,08
				kr. 24985,08

Reykjavík, 24. júní 1904.

Hallgr. Sveinsson.

Embættaskipun, lausn og veiting.

a. Lausn.

10. janúar veitti stjórnarráðið sóknarpresti í Torfastaðaprestakalli í Árnesprófastsdæmi, síra Magnúsi Helgasyni, samkvæmt umsókn hans, lausn frá embætti, frá fardögum 1905 að telja, án eptirlauna.

23. s. m. veitti stjórnarráðið sóknarpresti að Stað í Aðalvík síra Páli E. Sivertsen lausn frá embætti frá fardögum 1905 að telja, með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.